Mánudaginn 17. janúar 1944.

Nr. 93/1943. **Réttvísin og valdstjórnin**
**(Kristján Guðlaugsson)**
gegn
**Guðmundi Ragnari Magnússyni**
(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn valdstjórn. Ölvun.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir rétt að staðfesta hann, þó svo, að fangelsisvist ákærða verði 2 mánuðir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að fangelsisvist ákærða verði 2 mánuðir.

Ákærði, Guðmundur Ragnar Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Lárusar Jóhannessonar, 250 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. sept. 1943.**

Ár 1943, laugardaginn 18. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2216/1943: Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Ragnari Magnússyni, sem tekið var til dóms 17. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Ragnari Magnússyni sjómanni, til heimilis í Kálfakoti við Laufásveg hér í bæ, nú gæzlufanga í hegningarhúsinu hér, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. september 1900, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

| | | |
|---|---|---|
| 1920 | 11/6 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1921 | 14/2 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1922 | 6/1 | Sætt, sekt 60 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1932 | 25/4 | Sætt, sekt 60 kr. fyrir sama og mótþróa við lögregluna. |
| 1932 | 23/11 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1932 | 17/12 | Sætt, sekt 80 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1932 | 24/12 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1932 | 31/12 | Sætt, sekt 200 kr. fyrir ölvun og vínnautn í veitingahúsi. |
| 1933 | 25/1 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 14/2 | Sætt, sekt 100 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 18/4 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 13/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 16/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 21/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 28/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 9/6 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 14/6 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 10/9 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 25/9 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 7/11 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 20/11 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1933 | 21/12 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1934 | 1/1 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1934 | 7/1 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1934 | 23/2 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1934 | 24/2 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun og óhlýðni við lögregluna. |
| 1934 | 23/3 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1934 | 25/3 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| 1934 | 3/4 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| 1934 | 2/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| 1934 | 3/5 | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 5. og 16. sbr. 36. gr. áfengislaganna, 3., 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 101. gr. alm. hegningarlaga frá 1869. Áfrýjað. Staðfest i hæstarétti 12/12 1934. |
| 1934 | 10/5 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1934 | 24/9 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| 1934 | 7/10 | Sætt, sekt 75 kr. fyrir sama. |
| 1934 | 21/10 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| 1934 | 5/12 | Sætt, sekt 50 kr. fyrir sama. |
| 1935 | 8/3 | Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama. |
| 1935 | 1/5 | Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama. |

1935 4/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 9/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 16/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 24/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 30/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 27/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 2/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 6/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 10/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 3/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1935 18/12 Kærður fyrir ölvun. Ekki talin ástæða til málshöfðunar.
1935 20/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1936 18/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 25/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 27/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 29/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 4/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 7/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 13/2 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 4/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 22/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 29/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 17/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 23/9 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 8/11 Sætt, sekt 100 kr. fyrir sama.
1936 13/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 16/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1936 12/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 11/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 18/3 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.
1937 24/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1937 13/4 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 5/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 17/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 22/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 12/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 9/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1937 24/12 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 1/1 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 22/1 Sætt, sekt 25 krónur fyrir sama.
1938 15/5 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 4/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 5/6 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 20/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 28/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1938 30/10 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 16/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 18/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 23/11 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1938 24/11 Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.
1938 10/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1938 17/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 7/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 21/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 24/3 Sætt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 31/3 Kærður fyrir heimilisleysi. Látið falla niður.
1939 5/4 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1939 26/4 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 30/4 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 3/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 8/5 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.
1939 13/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1939 14/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1939 17/11 Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
1939 13/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1939 16/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 8/1 Sátt, sekt 50 kr. fyrir brot á 17. gr. áfengisl.
1940 9/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1940 9/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 24/2 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1940 26/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 29/3 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 31/3 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 2/4 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 27/4 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 2/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 5/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 15/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 5/6 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 8/6 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 10/6 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 9/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 10/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 27/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 5/8 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 7/8 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 15/9 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 17/9 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 18/9 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 19/9 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1940 21/9 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 28/9 Kærður fyrir ölvun innanhúss. **Fellt niður.**
1940 1/10 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1940 5/10 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 9/10 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 12/10 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 11/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 12/11 Sátt, sekt 100 kr. fyrir sama.
1940 23/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1940 3/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 2/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 3/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 6/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 11/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 17/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 19/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 21/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 25/1 Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
1941 30/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1941 2/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 4/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 15/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 21/3 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 12/4 Kærður fyrir ölvun innanhúss. **Fellt niður.**
1941 16/4 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1941 20/4 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 26/4 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 6/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 7/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 11/5 Kærður fyrir ölvun (meint brot). **Fellt niður.**
1941 13/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1941 14/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 15/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 20/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 24/6 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 18/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 20/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 23/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 12/8 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 2/9 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 24/9 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 kr. sekt fyrir ölvun. Staðfest í hæstarétti 25/2 1942.
1941 3/10 Sátt, sekt 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
1941 16/10 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.
1941 21/10 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 25/10 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 19/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 20/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 22/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 24/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 25/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 30/11 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 3/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 4/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 10/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 14/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 20/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 24/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1941 30/12 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 4/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 6/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 16/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 24/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 27/1 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 2/2 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.

1942 4/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 14/2 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.

1942 23/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 28/2 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 18/3 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 16/5 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 29/5 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.

1942 3/6 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 6/6 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 10/6 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.

1942 29/6 Sátt, sekt 40 kr. fyrir sama.

1942 1/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 5/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 9/7 Sátt, sekt 25 kr. fyrir sama.

1942 4/9 Kærður fyrir óspektir á kaffihúsinu Hvoli. Afgr. til dómsmálaráðuneytisins til fyrirsagnar.

1942 26/10 Sátt, sekt 150 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1942 14/12 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.

1942 18/12 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.

1942 20/12 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.

1942 23/12 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.

1943 5/1 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.

1943 13/1 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.

1943 28/1 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.

1943 3/2 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.

1943 18/2 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 5/3 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 11/3 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 15/3 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 31/3 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 8/4 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 17/4 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 22/4 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 28/4 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 8/5 Sátt, sekt 75 kr. fyrir sama.
1943 19/5 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 1/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 8/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 9/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 10/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 19/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 3/7 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 9/7 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 3/8 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 5/8 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 21/8 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1943 25/8 Sátt, sekt 50 kr. fyrir sama.
1941 4/10 Hafnarf. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 9/9 Siglufj. Sátt, 30 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Laugardaginn 28. f. m. var beðið um lögregluaðstoð á veitingastofuna Herðubreið. Tveir lögregluþjónar fóru þangað. Er þeir komu þangað, var ákærður þar inni, og óskuðu afgreiðslustúlkur veitingastofunnar þess, að hann yrði fjarlægður. Ákærður var að sögn lögregluþjónanna allt að því útúrdrukkinn og reikull í gangi. Ákærður man ekki ástand sitt á þessum tíma vegna þess, hve ölvaður hann var, en hann kveðst hafa verið mjög ölvaður þennan dag og hafa drukkið svokallaðan „hristing“, þ. e. a. s. hárvötn blönduð öli og þess háttar. Lögregluþjónarnir leiddu kærðan á lögreglustöðina. Þar ákvað varðstjórinn að láta ákærðan í fangageymslu lögreglunnar í kjallara lögreglustöðvarinnar. Sömu lögregluþjónarnir sem handtóku ákærðan, færðu hann nú í klefa nr. 2 í fangageymslunni og lokuðu hann þar inni. Varðhaldsklefa þessum og öðrum klefum fangageymslunnar er lokað utan frá með tveimur rennilokum, annarri að ofan og hinni að neðan, og er á hinni efri umbúnaður, sem varnar því, að lokan hrökkvi til baka, þó að hurðin sé barin eða skekin. Lykil þarf ekki til að opna hurðir þessar, og eru þær auðopnaðar utan frá.

Þennan sama dag voru aðrir, sem handteknir höfðu verið vegna ölvunar, settir í aðra varðhaldsklefa í fangageymslunni, þar á meðal Guðjón nokkur Ermenreksson í klefa nr. 1. Um kl. 6 síðdegis ósk-

aði faðir Guðjóns þess, að Guðjón yrði ekki látinn laus úr varðhaldinu fyrr en næsta morgun sökum þess, að hann væri mjög æstur með víni heima hjá sér. Um kl. 9 síðdegis kom sami maður á lögreglustöðina og tilkynnti, að Guðjón hefði komið heim til sín um kl. 8 síðdegis og sagt frá því, að ákærður hefði brotizt út úr varðhaldsklefanum og hleypt sér út um leið. Þrír lögregluþjónar fóru nú niður í fangageymsluna og sáu, að klefi nr. 2 var brotinn niður með dyrastafnum, svo að unnt var að opna hann innan frá. Við nánari athugun kom í ljós, að klefar nr. 1 og 3 voru opnir og mannlausir og klefi nr. 4 opinn í hálfa gátt, en fanginn kyrr þar inni.

Ákærður hefur skýrt svo frá, að hann hafi sofnað í klefanum, en vaknað síðar um daginn eða kvöldið — hann er mjög óviss um, hvað tíma leið — og var þá þjáður af þorsta, en ekkert vatn var í klefanum. Lögregluþjónarnir, sem færðu ákærðan í klefann, gættu ekki að, hvort vatn var þar, og mun hafa láðst að færa ákærðum vatn þangað. Ákærður barði nú og lamdi alllengi í klefahurðina til að gera vart við sig, en enginn sinnti honum. Hann ákvað þá að brjótast út úr klefanum, og í þeim tilgangi braut hann klefaþilið við dyrakarminn bæði að ofan og neðan. Smeygði hann síðan höndunum út um götin og náði þannig að draga lokurnar frá hurðinni og opna þannig dyrnar. Hann fór nú út úr klefanum og dró síðan lokur frá þremur öðrum klefum í fangageymslunni og opnaði þá fyrir föngum þeim, sem í þeim voru. Segir ákærður tvo fangana hafa með köllum beðið sig að opna klefa þeirra, en ósannað er, að svo hafi verið. Ákærður skipti sér ekki af því, hvort fangarnir færu út úr klefunum, heldur hélt áfram út. Fór hann inn í veitingastofu eina og fékk sér mat og drykk. Hann kveðst ekki hafa verið beinlínis drukkinn, þegar hann brauzt út úr klefanum, en rykaður eftir drykkjuna um daginn.

Með því að vera hneykslanlega ölvaður á almannafæri hefur ákærður brotið 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930. Með því að opna varðhaldsklefana fyrir hinum föngunum hefur hann gerzt brotlegur við 111. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Rétt þykir að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsingunni, sbr. 76. gr. hegningarlaganna, en í gæzluvarðhaldi hefur hann verið frá 30. ágúst s. l.

Að tilhlutun réttarins hefur Alfred Gíslason, sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum, skoðað ákærðan og látið í té álitsgerð um hann. Samkvæmt álitsgerðinni er niðurstaða læknisins um ákærðan þessi:

„Hann er hvorki fáviti né geðveikur. Áberandi geðveila (psychopathi) verður ekki með vissu greind. Aftur á móti hefur

hann um liðlega 20 ára skeið neytt áfengis í talsverðum mæli, og hefur sú hneigð, einkum síðustu árin, leitt hann til taumlausrar ofdrykkju (alcoholismus chronicus).

Horfurnar á, að hann óstuddur og af eigin rammleik geti unnið bug á drykkjuhneigð sinni, tel ég sáralitlar. Hið líklegasta honum til hjálpar í því efni verður að teljast dvöl á drykkjumannahæli og hún í eigi skemmri tíma en 12—18 mánuði.

Einkenni líkamlegra sjúkdóma finnast ekki hjá honum önnur en þau, er langvinn áfengisneyzla veldur."

Ferill ákærða hefur verið slíkur, að þess virðist engin von, að hann geti í framtíðinni haft hemil á drykkjufýsn sinni, ef ekki er að gert. Með hliðsjón af áliti læknisins þykir því rétt skv. 65. gr. hegningarlaganna að ákveða, að hann skuli, að hinni ídæmdu refsingu afstaðinni, lagður á drykkjumannahæli til lækningar í allt að 18 mánuði. Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Guðmundur Ragnar Magnússon, sæti fangelsi í 3 mánuði, en gæzluvarðhald hans komi til frádráttar refsingunni.

Ákærður skal, að refsingunni afstaðinni, dvelja á drykkjumannahæli til lækningar í allt að 18 mánuði.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 21. janúar 1944.

Nr. 69/1943. **Júlíus Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Steindóri Einarssyni** (Sigurgeir Sigurjónsson).

Eignarkvöð.

**Dómur hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaða dóm hafa uppkveðið dómendur merkjadóms Reykjavíkur, þeir Lárus Fjeldsted hæstaréttarlögmaður og Ólafur Lárusson prófessor, en einn dómendanna, Sigurður Thoroddsen yfirkennari, gerði sératkvæði.